

EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Bakkaf Bakkafjörður



Dags eftirlits	25.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Langanesbyggð Bakkaf	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elías Pétursson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Egilsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fráviki frá árinu 2017 um ónytjahluti á urðunarstaðnum verður haldið opnu þar til lokið er tiltekt á urðunarstaðnum.

Tvö frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni og varða þau að kvittanir eru ekki afhentar til úrgangshafa og enn hefur sýnatökubrunnum ekki verið komið fyrir ofan og neðan urðunarstaðarins og því engar mælingar á grunnvatni farið fram.

Ábending var gerð um að samkvæmt starfsleyfi skulu fokvarnir vera við urðunarstaðinn, skjólbelti, girðingar eða manir. Eins er nauðsynlegt að fara í tiltekt á aðliggjandi svæðum, sérstaklega ef sækja á um leyfi fyrir gámavelli (móttöku og flokkun úrgangs) á svæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður Langanesbyggðar á Bakkafirði er með starfsleyfi Umhverfisstofnunar frá 21. mars 2018 sem gildir til 2034.

Starfsleyfið gildir fyrir urðun meðhöndlaðs úrgangs sem flokkast ekki sem spilliefni og fellur í flokk 02 þ.e. úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, lagareldi, skógrækt, veiðum, fiskveiðum, matvælaíðnaði og matvælavinnslu og flokk 20 þ.e. heimilisúrgangur (úrgangur frá heimilum og svipaður úrgangur frá verslun, iðnaði og stofnunum), þ.m.t. flokkaður úrgangur samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Dagskrá eftirlits:

1. Fundur

Farið yfir stöðu mála og kröfur í starfsleyfi

- i. Umfang (200 tonn),
- ii. starfshættir,
- iii. varnir gegn mengun,
- iv. innra eftirlit og vöktun

2. Skoðun á urðunarstað á Bakkafirði

Undirritaður settist niður á fund með Elíasi Péturssyni sveitarstjóra Langanesbyggðar og Jónasi Egilssyni skrifstofustjóra Langanesbyggðar í húsakynnum sveitarfélagsins.

1. Rætt var um fráviki í eftirlitum síðasta árs og snéru þau að geymslu ónytjahluta á urðunarstaðnum og ónógru flokkun og þ.a.l. spilliefnum sem hafa borist á urðunarstaðinn og eru flokkuð frá á staðnum. Starfsleyfi Skeggjastaðarhrepps fyrir urðunarstað sem notast var við á tímum undanþágu ráðuneytisins frá starfsleyfi og alveg fram til mars á þessu ári heimilaði meðhöndlun á allt að 200 tonnum af neysluúrgangi og rekstrarúrgangi á urðunarstaðnum á ári.

Í úrbótaáætlun sem fulltrúi Langanesbyggðar sendi stofnuninni 23. október 2017 kom fram að fyrir miðjan nóvember 2017 átti að vera búið að fjarlægja brotajárn og aðra ónytjahluti af urðunarsvæðinu. Eins kom fram í sömu úrbótaáætlun að spilliefni hafi þegar verið fjarlægð af svæðinu (þ.e. í október 2017).

Umhverfisstofnun samþykkti úrbótaáætlunina þann 19. júlí 2018 og áætlaði skoðun á úrbótum í næsta eftirliti. Skoðun núna í september leiddi í ljós að umgengni hefur stórlega batnað.

Spilliefni fundust ekki, en enn er svæði ofan á urðunarstaðnum notað sem geymslusvæði. Þar er að finna nót eða troll og annan veiðafæraúrgang sem líklega heyrir undir samning SFS (áður LÍÚ) við Úrvinnslusjóð. Í samningnum (frá 29. ágúst 2005) segir að LÍÚ (SFS) „skuldbindi sig til að sinna öllum handhöfum veiðafæraúrgangs úr gerviefnum á Íslandi enda hafi úrgangurinn fallið til við eðlilega notkun“.

Eins eru málmar í geymslu ofan á urðunarstaðnum sem verktaki á staðnum sagði vera stjaka eða ankeri fyrir flotbryggju. Geymsla á urðunarstaðnum er óheimil. Verktakinn sagðist þurfa upplýsingar um hvernig hann ætti að snúa sér í þessu.

Í þriðja lagi var gömul kerra sem áður var notuð til söfnunar á úrgangi á Bakkafirði í geymslu ofan á urðunarstaðnum.

Fjarlægja skal kerruna af urðunarstaðnum.

Enn er því úrbættum við frávikinum ekki lokið að fullu. Áfram verður þetta skoðað í næsta eftirliti.

Nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstað Langanesbyggðar í Slökkum við Bakkafjörð var gefið út 21. mars sl. og nær einungis til urðunar úrgangs og er því móttaka og flokkun raf- og rafeindatækja, spilliefna og annars úrgangs á gámvelli sem fyrirhugaður er ekki hluti af starfssemi urðunarstaðarins en gæti rúmast á svæðinu ef skipulagsyfirvöld heimila slíkt og starfsleyfi heilbrigðisnefndar fæst.

1.i. Fram hafa komið efasemdir um að 200 tonna heimild til urðunar á staðnum dugi sveitarfélaginu. Heimilt er að umreikna rúmmál yfir í þyngd (tonn) og þarf að haska því verki til þess að Langanesbyggð geti látið stöðva urðun á svæðinu þegar/ef 200 tonna marki er náð.

Úrgangur sem tækur er til urðunar skal vera meðhöndlaður og búið að fjarlægja allt sem ekki er heimild til að urða úr flutningsgámum áður en þeir eru tæmdir á urðunarstaðnum. Fram kemur í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu að hvorki spilliefni né grófur úrgangur s.s. timbur, brotamálmur, garðaúrgangur, hjólbarðar, gler, postulín og heyrulluplast yrði urðað á svæðinu heldur sé þessi úrgangur fluttur úr sveitarfélaginu til frekari vinnslu.

1.ii. Krafa í starfsleyfi er um að úrgangshafa skuli afhent kvittun fyrir móttöku úrgangs til urðunar. Enn er þetta ekki hæfið og er það frávik frá kröfum.

1.iii. Settar eru kröfur um fokvarnir í starfsleyfi, með girðingum, skjólbeltum eða jarðvegsmönnum. Bæta þar fokvarnir því girðingu um urðunarstaðinn stoppar ekki vind og grípur lítt fjúkandi hluti.

1.iv. Mæla skal árlega rennsli í læk sem rennur við norðausturmörk urðunarstaðarins. Eins skal mæla samsetningu yfirborðsvatns árlega á tveimur stöðum við urðunarstaðinn og grunnvatn skal mæla í brunnnum ofan og neðan urðunarstaðarins árlega. Tvisvar á ári skal mæla hæð grunnvatnsborðs í mælibrunnum. Enn hefur sýnatökubrunnum ekki verið komið fyrir og því ekki hægt að uppfylla ákvæði starfsleyfisins um sýnatökur og mælingar á þessu ári. Það er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Minnt var á skiladag, 1. maí, en þá þurfa umhverfismarkmið, niðurstöður mælinga/skráninga og magntölur úrgangs að hafa borist til Umhverfisstofnunar.

Farið var á Bakkafjörð og urðunarstaðurinn skoðaður. Girðingar voru í lagi og hlið lokað. Urðunarrein sem unnið er í er efst á skipulagssvæðinu.

Verktaki Langanesbyggðar á staðnum gekk með mér um staðinn og upplýsti um framkvæmdir síðan síðast var komið í eftirlit. Urðunarstaðurinn sjálfur lítur orðið ágætlega út en enn er hluti hans notaður sem geymsla eins og áður hefur komið fram í skýrslunni. Bregðast þarf við því. Eins þarf í tiltekt á svæðum sem merkt eru inn á skipulagsupprátt á deiliskipulagi sem bílaplan, geymslusvæði og námusvæði.

Frávik frá

ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi um móttöku og skráningu úrgangs.

Lýsing á fráviki

Kvittanir eru ekki gefnar til úrgangshafa við komu á urðunarstaðinn.

ákvæði í grein 4.2 í starfsleyfi um vöktunarmælingar.

Enn hefur sýnatökubrunnum ekki verið komið fyrir ofan og neðan urðunarstaðarins og því engar mælingar á grunnvatni farið fram.

ÁBENDINGAR

Bent er á ákvæði í starfsleyfi um fokvarnir við urðunarstaðinn, skjólbelti, girðingar eða manir. Setja þarf upp fokvarnir á staðnum.


Eins er nauðsynlegt að fara í tiltekt á aðliggjandi svæðum, sérstaklega ef sækja á um leyfi fyrir gámavelli (móttöku og flokkun úrgangs) á svæðinu.

ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið voru afhent í eftirliti.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.11.2018



Gottskálk Friðgeirsson